

# Læsisáætlun 2015-2016

<u>Markmið</u>	<u>Aðgerð</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Tími</u>	<u>Hugmyndir af verkefnum</u>
<b>Að efla hljóðkerfisvitund barnanna.</b>	<b>Eldri börn 3-6 ára</b> Á læsissvæði og í samverustund verður unnið með verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Leikið með rím, klappa samstöfur, hlusta eftir fyrsta/síðasta hljóði í orði og hljóðgreiningu. Áhersla á að börnin átti sig að bókstafurinn eigi hljóð sem tengjast saman í orð sem tengjast saman í setningu.	Deildastjóri Kennarar á læsissvæði	Tvisvar sinnum í viku fyrir hvert barn  September 2015- maí 2016	Markviss málörvun Leggðu við hlustir Ljáðu mér eyra Orðahljóð Tölum saman Möppur á deildum Söngtextar og ljóð Leikum og lærum með hljóðin Lubbi finnur málbein o.s.frv.
	<b>Yngri börn 1-3 ára</b> Á læsissvæði og í samverustund verður unnið með leiki og verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Leika með samstöfur og rím. Kenna þulur og ljóð sem ríma. Hlusta á söngtexta sem ríma. Bulluríma			
<b>Að búa til sögur og ljóð.</b>	<b>Eldri börn 3-6 ára</b> Lesi fyrir öll börn á hverjum degi Sögugrunnur einu sinni í viku þar sem börnin semja sína sögu með stuðningi af myndum sem þau velja og segja frá í fámennum hópi. Spila sögupil. Lesi ljóð og kvæði og búa til vísur.	Deildastjóri Kennarar á læsissvæði	Einu sinni í viku fyrir hvert barn  September 2015- maí 2016	Sögugrunnurinn Söguspilið Söguteningar Setningaspjöld Ljóðabækur Þórarinns Eldjárns Vísnaþókin o.s.frv.
	<b>Yngri börn 1-3 ára</b> Lesi fyrir öll börn á hverjum degi. Nota loðtöflusögur Nota ævintýratöskur Kynna sögugrunninn og sögupil			
		Deildastjóri Kennarar á læsissvæði	September 2015- maí 2016	Loðtöflusögur Ævintýratöskur Einfaldar sögur og ljóð Söguspjöld og myndir o.s.frv

<b>Að skrá hlutverkaleik</b>	Uppeldislegar skráningar í leik. Ein skráning á viku á hverri deild	Deildastjóri Kennarar á leik og kubba- svæði	Mars-maí 2016	Ipad Myndavél Upptökuvélar Skirffæri ☺
<b>Að ritmálið verði sýnilegt á öllum deildum.</b>	Bókstafir sýnilegir börnunum á öllum deildum. Tölustafir sýnilegir börnunum á öllum deildum. Merkja ákveðna hluti á deildinni þannig að orðin verði sýnileg fyrir börnin Hafa nöfn barna og kennara uppivið á öllum deildum Hvetja börnin til að merkja verk sín með nafni þegar þau sýna áhuga á ritun. Byrja á einum staf og auka eftir þroska og aldri barna	Deildastjóri  Kennarar á svæðum	September 2015 – maí 2016	Bókstafir til að leika með Tölustafir til að leika með Orðamottur á gólfið Stafamottur á gólfið Stafir og orð til að skrifa eftir Nöfn til að skrifa eftir o.s.frv.
<b>Að efla hlustun</b>	<b>Öll börn fá skipulagða sögustund a.m.k. einu sinni á dag.</b>  Kynna höfunda fyrir börnunum	Deildastjóri  Allir	Alltaf ☺	Lesi sögur fyrir börnin Segja sögur Leikbrúður ævintýratöskur Hlustunarleikir - markviss málörvun Orðagull orðaspjall o.s.frv

<b>Bókaormurinn</b>	Búa til bókaorm. Börnin velja eina bók með foreldrum sínum sem þau koma með í leiksskólann. Bókin er lesin í leikskólanum og unnið með textann. Foreldrar hvattir til að lesa bókina einnig með börnunum sínum heima. Hvetja foreldra til að velja bókina með börnunum og hafa jafnréttishugsjónina og kynjaímyndir að leiðarljósi. Einn hringur settur í orminn fyrir hverja bók.	Deildastjóri	Október 2015-maí 2016	Hringur í orminn með nafni bókar og nafni barnsins. Deildastjórar útfæra hvernig ormurinn lítur út. Börnin búa til höfuð á orminn.
<b>Að efla læsi í víðum skilningi</b>	Setja orð og hugtök á hluti og athafnir Fara í hreyfileiki t.d. í salnum sem kenna hugtök ss. afstöðuhugtök, fjöldi, stærð og magn. Vinna með dýrin og náttúruna í kringum okkur Vinna með form og liti	Allir ☺	September 2015 - apríl 2016	Skoða hverfið okkar, götuheiti og skilti. Hvað þýða þau Hreyfileikjabanki Setja upp myndir af dýrum í umhverfinu okkar Litaspil í spilasafni Hugtakaspil í spilasafni Litir og form sýnilegt á deildum Benda á liti og form í náttúrunni Vettvangsferðir þar sem unnið er með náttúruna og dýrin Bækur um dýr og jurtir o.s.frv.
<b>Að þekkja tilfinningar</b>	Börnin læri að setja orð á tilfinningar sínar Börnin þjálfist í að tjá tilfinningar sínar Tilfinningamyndir sýnilegar á deildum Kennarar setji tilfinningar barnanna í orð	Allir ☺	September 2015-maí 2016	Setja upp tilfinningamyndir á deildum (Riinumyndir) Kennarar meðvitaðir um að setja orð á tilfinningar Tilfinningaleikir, svipbrigði, hvernig líður mér? o.s.frv.